


*Leiklistarskóli*  
*Bandalags íslenskra leikfélaga*  
*2020*



*Reykjaskóla í Hrítafirði 13. - 21. júní*

# Kveðja frá skólanefnd



Kæru leiklistarvinir!

Það er okkur sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin í Reykjaskóla í sumar þar sem leiklistarskólinn okkar verður settur í tuttugasta og fjórða sinn. Við vonum að þetta skólaár verði sama uppspretta metnaðar, sköpunar og gleði og verið hefur.

Að þessu sinni verða fjögur fjölbreytt námskeið í boði. Við bjóðum velkominn Hannes Óla Ágústsson sem kennir hjá okkur í fyrsta sinn og verður með Leiklist II, sem er framhald af námskeiðinu sem Aðalbjörg Árnadóttir var með í fyrra. Einnig fögnum við því að fá Evu Björgu Harðardóttur og Ingvar Guðna Brynjólfsson til okkar með framhald á námskeiðinu Bak við tjöldin sem Eva Björg stýrði 2018. Þá mætir Árni Kristjánsson aftur, að þessu sinni með Leikstjórn I. Sérnámskeið um leikarann sem skapandi listamann verður svo í höndum hins þrautreynda kennara Rúnars Guðbrandssonar.

Við vonum að sem flestir eigi þess kost að nema og njóta.

Hlökkum til að sjá ykkur – með bestu kveðju,  
**Hrefna, Dýrleif, Herdís, Hrund og Gísli**

Bandalag íslenskra leikfélaga, Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík, sími 551 6974,  
netfang [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is), veffang [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)

# Leiklist II

Kennari **Hannes Óli Ágústsson**

Verð: 101.000 kr.



Forkröfur: Námskeiðið er framhaldsnámskeið fyrir leikara og ætlað þeim sem sótt hafa Leiklist I eða sambærileg námskeið. Þeir sem sótt hafa Leiklist I og hafa ekki áður sótt Leiklist II ganga fyrir.

Á þessu námskeiði verður áhersla lögð á senuvinnu og karaktersköpun. Unnið verður með handrit að verki, senur úr verkinu greindar út frá Kerfi Líkamlegra Gerða og unnið með sviðsetningu á þeim. Einnig verða skoðaðar mismunandi leiðir til að nálgast karakter, hvernig byggjum við persónur og líkömnum þær? Unnið verður með forsögur, karakteropnanir og spuna. Raddvinna og fókusæfingar verða einnig settar á oddinn, og leitast við að tengja slíka vinnu beint inn í senuvinnuna.

**Hannes Óli Ágústsson** útskrifaðist frá leikarabraut leiklistardeildar Listaháskóla Íslands vorið 2009. Hann lék í uppsetningum Þjóðleikhússins á Lér konungur, Allir synir mínir og Bjart með köflum og lék í leiksýningunum 1984, Himnaríki og helvíti, Núna 2019 og Fólki, staðir og hlutir í Borgarleikhúsinu. Einnig lék Hannes í Leigumorðingjanum, Kaktus, Sek og Gullna hliðinu hjá Leikfélagi Akureyrar. Hannes hefur að auki unnið talsvert með sviðslistahópunum Hreyfipróunarsamsteypan (Shake me, Úps!), Áhugaleikhús Atvinnumanna (Ódauðlegu verkin), Soðið Svið (Hættuför í Huliðsdal, Extravaganza) og Óskabörn ógæfunnar í Illsku. Hannes var tilnefndur til Grímuverðlauna fyrir frammistöðu sína í Illsku og Himnaríki og helvíti. Meðal annarra verka sem Hannes hefur leikið í á sviði má nefna Munaðarlaus, Hnykill, Ég er vindurinn og Góði dátinn Svejk. Meðal hlutverka Hannesar í kvikmyndum og sjónvarpi má nefna sjónvarpsþættina Hæ Gosi og Stellu Blómkvist, og kvikmyndirnar Bjarnfreðarson, Grimmd, Héraðið og Málmhaus, en Hannes hlaut tilnefningu til Edduverðlauna fyrir það hlutverk. Þá hefur Hannes verið mjög áberandi í Áramótaskaupi Sjónvarpsins undanfarin ár. Meðal erlendra verkefna má nefna hlutverk í sjónvarpsþáttunum Sense8 og Documentary Now!, og kvikmyndinni Eurovision.

Hannes Óli hefur sinnt stundakennslu við sviðslistadeild Listaháskóla Íslands og leikarabraut Kvikmyndaskóla Íslands.

Þetta er í fyrsta sinn sem Hannes Óli kennir við skólann.

# Leikstjórn I

Kennari **Árni Kristjánsson**

Verð: 101.000 kr.



Forkröfur:

Þeir ganga fyrir sem ekki hafa sótt Leiklist I áður.

Námskeiðið er grunnnámskeið fyrir leikstjóra. Þeir ganga fyrir sem ekki hafa áður sótt Leikstjórn I.

Á námskeiðinu verður fjallað nokkuð almennt um starf leikstjórans, – hvert er hlutverk hans og hvernig leysir hann það?

Hugað verður að undirbúningi leikstjórans, greiningarvinnu og skipulagningu áður en æfingar hefjast, en líka því verki sem fram fer á æfingatímanum með leikurum og öðrum aðstandendum.

Námskeiðið verður því hvoru tveggja fræðilegt og verklegt.

Eftir að skráningu lýkur verða öllum þátttakendum send verk til skoðunar og þau síðan lögð til grundvallar vinnunnar á Reykjum. Kennari mun einnig senda þátttakendum verkefni til að íhuga og leysa áður en námskeiðið hefst, þannig að ákveðins undirbúnings verður krafist.

Kennsla fer fram með ýmsum hætti; fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, einstaklings verkefni, hópverkefni, o.s.frv.

**Árni Kristjánsson** útskrifaðist með MA gráðu í Leikstjórn frá Bristol Old Vic árið 2016. Árni er listrænn stjórnandi leikhópsins Lakehouse og hefur með honum sett upp þrjú verk í samhengi við stjórnurnar eftir Nick Payne (2017), Rejúníon (2018) og nú á Listahátíð 2020 sýnir Lakehouse fyrsta áfanga af verkinu Einangrun. Árni hefur einnig leikstýrt gleðisöngleiknum Journey to the centre of the Earth á Rífi (2016) og óperuleikverkunum Selshamnum (2016) og Plastóperunni (2018).

Árni hefur aðstoðarleikstýrt fyrir Svein Einarsson í tveimur óperum, Cavalleria Rusticana & Pagliacci (2008) og Baldursbrá (2015), hann hefur einnig aðstoðarleikstýrt fyrir Baltasar Kormák í Þjóðleikhúsinu, Tom Morris í Bristol Old Vic og Donnacadh O'Briain í MA náminu.

Árni hefur skrifað töluvert og vann Grímuverðlaun árið 2014 fyrir besta útvarpsleikrit með verkið Söngur hrafnanna. Árni er um þessar mundir stundakennari við LHÍ og kennir einnig leiklist í Dalskóla og var skólastjóri Leiklistarskóla Borgarleikhússins 2019-2020. Þetta er í annað sinn sem Árni kennir við skólann.

# Leikarinn sem skapandi listamaður

Kennari **Rúnar Guðbrandsson**

Verð: 101.000 kr.

Forkröfur:

Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt Leiklist I og II eða sambærileg námskeið eða hafa umtalsverða reynslu af leiklist.



Á þessu námskeiði verður leitast við að hjálpa leikaranum að skapa og forma sitt eigið efni gegnum ýmis konar æfingar og spunavinnu, bæði sem einstaklingur og hluti af hóp. Enda þótt sköpun sé útgangspunktur á námskeiðinu snýst það líka um tækni, og þjálfun, því: “Hversu skapandi sem við erum, þá höfum við engan farveg til að beina sköpunarkrafti okkar í - ef okkur skortir tækni”. Þátttakendum verður síðan gert að nýta sér þá tækni sem þau hafa tileinkað sér á skapandi hátt og verður þá unnið með ýmis konar spunaaðferðir og samsetningar.

Ahersla verður lögð á persónulega og einlæga tjáningu og í því sambandi m.a. unnið með æfingar þar sem þátttakendur nota sína eigin reynslu (t.d. minningar) og ímyndunarafli (langanir, vonir, ótta, drauma etc.), en einnig leitum við vítt og breitt um veröld alla að efnivið til að skapa leikrænar aðstæður og þróa sögur.

Þó oft verði unnið í hópum og þörum verður einstaklingurinn ævinlega í brennidepli þar sem hann þarf stöðugt að spyrja sjálfan sig: Hvað vil ég segja með list minni?

Harmi og gleði verður gert jafnhátt undir höfði og ýmsar frásagnaaðferðir, stílar og stefnur skoðaðar og reyndar í leit að innblæstri. “Go bananas, - but with control”!!!

**Rúnar Guðbrandsson** nam upphaflega leiklist í Danmörku og starfaði þar sem leikari um árabíl, með ýmsum leikhópum. Frekari þjálfun hlaut hann m.a. hjá Odin leikhúsinu í Holsterbro, hjá leikhópi Jerzy Grotowskis í Wroclaw í Póllandi, Dario Fo á Ítalíu, Jury Alschitz í Kaupmannahöfn og víðar, og Anatoly Vasiliev í Moskvu. Rúnar lauk MA og MPhil gráðum í leiklistarfræðum og leikstjórn frá De Montfort háskólanum í Leicester á Englandi og hefur lokið fyrri hluta doktorsnáms í fræðunum.

Rúnar hefur leikstýrt fjölda leiksýninga hérlendis og erlendis og fengist við leiklistarkennslu og þjálfun leikara víða í Evrópu. Rúnar var fyrsti prófessor í leiktúlkun við Listaháskóla Íslands. Hann hefur rekið leiksmiðjuna Lab Loka síðan 1992, stjórnað þjálfun hópsins og stýrt flestum verkefnum hans hérlendis og erlendis. Hann hefur auk þess fengist við ýmis konar tilraunastarfsemi á vettvangi kvikmynda og gjörningalistar.

Þetta er í tólfta sinn sem Rúnar kennir við skólann.

# Tjöldin frá - Bak við tjöldin II

Kennarar **Eva Björg Harðardóttir & Ingvar Guðni Brynjólfsson**

Verð: 101.000 kr.

Forkröfur: Umsækjendur hafi sótt grunnnámskeiðið „Á bak við tjöldin“, sambærilegt námskeið eða hafi brennandi áhuga/umtalsverða reynslu af vinnu við leikmyndir, leikmuni og/eða búninga.



Hvað verður á sviðinu þegar tjöldin eru dregin frá? Markmið námskeiðsins er að efla nemendur í að koma hugmyndum sínum á svið og að eiga samskipti við framkvæmdaaðila. Kynnt verða verkfæri og tækni til að hugsa út fyrir rammann og koma hugmyndum sínum í verk.

Kennarar eru tveir og hafa umtalsverða reynslu í leikmynda-, leikmuna-, búninga- og leikgervagerð. Þeir skipta með sér námskeiðstímanum svo allir nemendur fá sömu kennslu. Einnig verður námskeiðið að einhverju leyti aðlagð þáttakendum.

Námskeiðið byggir á mikilli virkni allra þátttakenda en bæði verður unnið í einstaklingsvinnu og hópum. Námskeiðið skiptist í fyrirlestra, umræður og verklegar æfingar.

Leitað er eftir frumkvæði nemenda og stendur nemendum stendur til boða að mæta með „verkefni að heiman“, og gæti námskeiðið þannig nýst við undirbúning komandi verkefna.

Eftir að skráningu lýkur verður þátttakendum sendur listi yfir verkfæri og efnivið sem gott er að hafa með sér.

Nánari lýsing á skipulagi námskeiðs er að finna á Leiklistarvefnum.

**Eva Björg Harðardóttir** lauk M.A. námi í leikmynda- og búningahönnun (Theatre Design) frá University of the Arts London árið 2016. Hún hefur einnig B.Ed. gráðu í kennslufræðum frá Kennaraháskóla Íslands. Eva Björg er sjálfstætt starfandi leikmynda- og búningahönnuður og hefur unnið mikið með sjálfstæðum leikhópum sem og áhugafélögum. Eva Björg stofnaði leikhópinn Miðnætti ásamt Agnesi Wild og Sigrúnu Harðardóttur og hefur hannað öll verkefni hópsins, en hópurinn einbeitir sér að því að framleiða vandaðar leiksýningar og sjónvarpsefni fyrir börn. Eva Björg hefur einnig hannað fyrir Menningarfélag Akureyrar, Cauda Collective, Hringleik, Umskiptinga, Artik, Sirkus Íslands, Spindrift Theatre, Lost Watch og fleiri. Einnig hefur Eva Björg starfað við kennslu, í kvikmyndum, við búninga- og leikmunagerð og séð um sviðssetningar og búninga fyrir viðburði og heimildapætti. Þetta er í annað sinn sem Eva Björg kennir við skólann.


**Ingvar Guðni Brynjólfsson** er húsasmíðameistari og hefur m.a. starfað við leikmyndir í leikhúsum, sjónvarpi og kvikmyndum. Ingvar hefur starfað með Leikfélagi Selfoss, Hugleik, Sýnum, Freyvangsleikhúsinu og Leikfélagi Mosfellssveitar, eins í Þjóðleikhúsinu, Latabæ og með Miðnætti, ýmist einn eða með hóp. Þetta er í fyrsta sinn sem Ingvar kennir við skólann.






Reykjaskóli er við Hrutafjörð í Húnaþingi vestra. Hann er í 15 km fjarlægð frá Staðarskála, 17 km frá Hvammstanga, 178 km frá Reykjavík, 210 km frá Akureyri, 620 km frá Höfn, 348 km frá Ísafirði og 504 km frá Egilsstöðum. Á vetrum eru þar reknar skólabúðir fyrir grunnskólabörn. Aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk er þokkalegt en áhugasömum bent á að fá nánari upplýsingar á skrifstofu BÍL.

Mikið er af skemmtilegum myndum og öðrum upplýsingum á heimasíðu skólans [www.skolabudir.is](http://www.skolabudir.is).



# Leiklistarskóli

## Bandalags íslenskra leikfélaga 2020



Skráning í skólann stendur yfir frá 15. mars til 15. apríl. Umsóknir skal fylla út á Leiklistarvefnum, [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is). Opnað verður fyrir umsóknir 15. mars.

Reglan Fyrstur kemur – fyrstur fær gildir við skráningar gegn greiðslu staðfestingargjalds, kr. 40.000, ef inntökuskilyrðum er fullnægt að öðru leyti. Náist ekki ásættanlegur fjöldi á tiltekið námskeið fellur það niður. Aldurstakmark í skólann er 18 ár. Skólinn hefur sett sér reglur, m.a. um umgengni, reykingar og áfengisneyslu, sem nemendur samþykkja að fara eftir á starfstíma skólans (sjá einnig bls. 6).

Starfstími skólans á þessu ári er frá 13. til 21. júní. Skólasetning er laugardaginn 13. júní kl. 9.00 og hefjast námskeiðin strax þar á eftir. Nemendur eru velkomnir að Reykjaskóla kvöldið fyrir skólasetningu, frá kl. 20.00 en ekki er boðið upp á kvöldverð. Skólaslit eru kl. 12.00 sunnudaginn 21. júní. Viðurkenningarskjöl og merki skólans verða afhent við skólaslit.

Aðstaða í Reykjaskóla: Svefnherbergin eru búin 2 uppbúnum rúmum, þ.e. koddri, sæng, lak og sængurföt fylgja með, litlu borði og tveim stólum. Nemendur hafi með sér handklæði og sundföt. Sundlaug, gufubað og heitir pottar eru á staðnum. Haldið er lokahóf síðasta kvöldið þar sem fólk klæðir sig upp á, kveður kennarana sína og skemmtir hvert öðru með dansi og söng.

Þátttökugjald á námskeið er 101.000 kr. Staðfestingargjald er kr. 40.000 og greiðist það við skráningu. Staðfestingargjald er óendurkræft nema gegn framvísun læknavottorðs. Hægt er að greiða símleiðis með greiðslukorti.

Gjaldið skal vera að fullu greitt 10 dögum fyrir skólasetningu. Innifalið í þátttökugjaldi er gisting, matur, kennsla og gögn.

Meðlimum aðildarfélaganna Bandalags íslenskra leikfélaga er bent á að félögin geta sótt um smá styrk til Bandalagsins ef þau senda nemendur í skólann. Þá er vert að geta þess að flest stéttarfélög bjóða félagsmönnum sínum tómstunda- og menntunarstyrki.

Kennarar skólans og starfsfólk:

Skólastýra — **Dýrleif Jónsdóttir**, [dillajons@gmail.com](mailto:dillajons@gmail.com)

Skólastýra — **Hrefna Friðriksdóttir**, [hrefnafr@hi.is](mailto:hrefnafr@hi.is)

Leiklist II — **Hannes Óli Ágústsson**, [hannesoli@gmail.com](mailto:hannesoli@gmail.com)

Leikstjórn I — **Árni Kristjánsson**, [arnikristjans.arkandi@gmail.com](mailto:arnikristjans.arkandi@gmail.com)

Leikarinn sem skapandi listamaður — **Rúnar Guðbrandsson**, [labloki@mmedia.is](mailto:labloki@mmedia.is)

Tjöldin frá (Bak við tjöldin II) - **Eva Björg Harðardóttir**, [evabjorg@gmail.com](mailto:evabjorg@gmail.com) og

**Ingvar Guðni Brynjólfsson**, [ingvarbryn@simnet.is](mailto:ingvarbryn@simnet.is)

Umsókn telst gild þegar staðfestingargjald hefur verið greitt. Greiða skal í síðasta lagi 15. apríl til Bandalags ísl. leikfélaga og senda tilkynningu á netfangið [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is).

**Greiða skal inn á reikning: Kt. 440169-0239 / Banki 334-26-5463**